# Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029

## Breyting á frístundabyggð F4b

Kjósarhreppur




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:50.000




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:50.000

### Greinargerð

Hreppsnefnd Kjósarhrepp leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting er gerð bæði á uppdrætti og greinargerð. Ráðgert er að stækka frístundabyggðina F4b ofan Vatnsbakkavegar, undir hlíðum Miðmundardalshnjúks um 1,16 ha en minnka það um 0,35 ha sunnan Vatnsbakkavegar á landbúnaðarlandi í flokki I og II.

### Forsendur

Í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 er svæðið þar sem frístundabyggðin stækkar á landbúnaðarlandi í flokki III en þar sem frístundabyggðin minnkar er landbúnaðarland í flokki I og II. Þar er svæðið framræst og ræktað og flokkast sem tún og akurlendi (L14.2) í vistgerðarkortlangningu Náttúrufræðistofnunar Íslands en lyngmóavist á láglendi (L10.8) og fjalldrapamóavist (L10.6) á svæðinu þar sem frístundabyggðin mun stækka. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Svæðið er á C-hluta náttúruminjaskrár nr. 134 sem er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði ekki tekið til annnarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til framtíðar og er verið að færa hluta frístundabyggðarinnar undir landbúnaðarland í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.

### Breyting á greinargerð

Greinargerð fyrir breytingu

Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

| SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti svæðis** | **Lýsing** |
| F4b | Flekkudalur | Svæðið er deiliskipulagt fyrir 15 lóðir. Gert ráð fyrir allt að 20 lóðum. Tvö hús eru á svæðinu. Heiilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstræð bygginga getur verið allt að 200 m². Stærð svæðis er um 19 ha. |

Greinargerð eftir breytingu

Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

| **Nr.** | **Heiti svæðis** | **Lýsing** |
|---|---|---|
| F4b | Flekkudalur | Svæðið er deiliskipulagt fyrir 20 lóðir en heimilt er að vera með alls 24 frístundalóðir. Svæðið er að hluta til byggt. Heimilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstærð bygginga er allt að 200 m². Stærð svæðis er um 20 ha. |

### SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Frístundabyggð
- Verslun- og þjónusta
- Opin svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistökusvæði
- Kirkjugarður / Heimagrafreitur

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Háspennulína 220 kV
- Rafstrengur
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Vatnsveita

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- GK334:031 Friðlýstar fornminjar
- GK391:036 Fornminjar undir hverfisvernd
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland, flokkur I og II
- Birkiskógar og birkikjarr
- Sveitarfélagamörk
- Svæði skipulagsbreytingar

### Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Áhrif á landnotkun eru metin óveruleg þar sem verið er að stækka núverandi frístundabyggð, vegur og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innviði. Gott landbúnaðarland er fært undir landbúnaðarland. Áhrifin eru metin óveruleg.



AÐALSKIPULAG KJÓSARHREPPS 2017-2029

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og bygginganefnd þann 20 okt 2022

og í hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 25 okt 2022

F.h. Kjósarhrepps

[signature] SVEITARSTJÓRI KJÓSARHREPPS

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 14. des. 2022

[signature] SKIPULAGSSTOFNUN

EFLA

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029
Breyting á frístundabyggð F4b

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 100313-02 | A3 | AB | SOS |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:50.000 | 2.8.2022 | --- 11. okt 2022 | |

SAMÞYKKT: